

## Bandarískar bókmenntir frh.

### III.

Bókmenntir frumbyggja Ameríku byggjast á hefðbundnum munnmælasögum og ritum sem skráð voru með aldagömlu myndletri og táknum. Sögumenn báru frásagnarhefðina áfram í gegnum aldirnar, og hún lifir áfram í verkum margra nútímahöfunda Bandaríkjanna af ættum frumbyggja.

Sherman Joseph Alexie (1966-) er einn af þeim þekktustu og skrifar bæði ljóð, smásögur og skáldsögur byggðar á eigin reynslu úr æsku á náttúruverndarsvæði Spoken-frumbyggja. Hann hefur unnið til fjölda bókmenntaverðlauna. Í skrifum sínum veltir Alexie aðallega fyrir sér þremur spurningum; hvað felur það í sér að vera frumbyggji í dag, að vera karlmaður af frumbyggjaættum og búa á náttúruverndarsvæði frumbyggja?

Afrísk-amerískar bókmenntir eiga upphaf sitt að rekja allt til áranna fyrir stjórnarbyltingu nýlendunnar. Rithöfundar af afrískum uppruna hafa skrifað bókmenntir sem eru áhrifamiklar; sýna hárfínt samfélagslegt innsæi og glögga sögu og sjálfsmynd Bandaríkjanna. Meðal þekktustu rithöfunda í þeirra röðum eru tvær konur.

Toni Morrison (1931-) sem skrifaði m.a. *Ástkær „Beloved“* (1987) og *Söngur Salómons „Song of Solomon“* (1977). Morrison varð þekkt fyrir að skoða reynslu svartra innan samfélags þeirra, og þá sérstaklega reynslu svartra kvenna. Hún hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1993.

Alicia Walker (1944-) sem skrifar skáldsögur, smásögur og ljóð með sérstakan fókus á konur, sem gefur einstaka innsýn í afrísk-amerískan menningarheim. *Purpuraliturinn „The Color Purple“* (1982) er hennar þekktasta bók og færði henni Pulitzer verðlaunin.

Fjölmening jókst til muna eftir að létt var á lögum um innflytjendur, eins og bókmenntir seinni hluta 19. aldar bera vitni um. Margir innflytjendarithöfundar gefa góða innsýn í gamla menningarheima og að sama skapi dýpri skilning á nýrri menningu.

Þrátt fyrir að margir þessir rithöfundar taki sérstaklega fyrir sinn menningarbakgrunn þá hafa þeir átt stóran þátt í að breyta bandarískum bókmenntum, sem endurspeglar mósaík menningarheima sameinaða undir fána stórveldis.